



ÚTLENDINGASTOFNUN
ICELANDIC DIRECTORATE OF IMMIGRATION

Samgöngu- og sveitarstjórnaráðuneyti
Sölvhólgötu 7
101 Reykjavík

Kópavogi 4. ágúst 2020
Tilvísun: 2020070005

Efni: Umsögn um drög að reglugerð um skráningu einstaklinga samkvæmt lögum nr. 140/2019, um skráningu einstaklinga - mál númer 121/2020.

Vísað er til máls nr. 121/2020 sem nú eru til umsagnar á samráðsgátt stjórnarráðsins þar sem óskað er eftir umsögnum um drög að reglugerð um skráningu einstaklinga.

Útlendingastofnun gerir einungis athugasemdir við þau ákvæði reglugerðarinnar sem snerta starfsemi stofnunarinnar.

Almennar athugasemdir

Útlendingastofnun fagnar setningu reglugerðar um skráningu einstaklinga og leggur áherslu á að þörf er á miðlægri og áreiðanlegri skrá yfir einstaklinga sem annað hvort eru búsettir hérlendis eða dveljast hér í tiltekinn tíma.

Athugasemdir við einstaka greinar

2. gr. Upplýsingaöflun Þjóðskrár Íslands

Ekki er gert ráð fyrir að Útlendingastofnun sendi upplýsingar til Þjóðskrár nema þegar einstaklingur skiptir um ríkisfang. Útlendingastofnun tekur á móti upplýsingum um heimilisfang hérlendis og væri eðlilegt að stofnunin væri jafnframt talin upp í g-lið ákvæðisins.

7. gr. útgáfa kerfiskennitölu

Útlendingastofnun vísar til umsagnar stofnunarinnar varðandi útfærslu kerfiskennitölu samkvæmt máli 128/2020 sem jafnframt er á samráðsgátt stjórnarráðsins. Sú umsögn snýr að úrfærslu forms kerfiskennitölu en stofnunin hefur eftirfarandi athugasemdir við 7. gr.:



ÚTLENDINGASTOFNUN ICELANDIC DIRECTORATE OF IMMIGRATION

Skýra mætti nánar í reglugerð hver tilgangur kerfiskennitölu er, t.d. að ein kerfiskennitala skuli gefin út á einstakling og hana megi nota til auðkenningar hjá einstaka opinberum aðila en jafnframt til auðkenningar einstaklings í samskiptum opinberra aðila þegar þörf er á.

Útlendingastofnun telur þörf á að í 7. gr. sé bætt við staflíð sérstaklega fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd. Þeir einstaklingar geta fallið undir aðra staflíði ákvæðisins en að mati stofnunarinnar væri eðlilegra að Útlendingastofnun eða lögregla sæi um milligöngu um þær kerfiskennitölur. Lögreglan er almennt fyrsti opinberi aðilinn sem umsækjendur eiga í samskiptum við en Útlendingastofnun sér um samskipti við aðrar stofnanir í þeirra þágu, t.d við heilbrigðisstofnanir, barnaverndarnefndir, félagsþjónustur, skóla og lögreglu. Umsækjendur um alþjóðlega vernd eru í annarri stöðu en flestir aðrir útlendingar sem þurfa á kerfiskennitölu að halda og að mati Útlendingastofnunar því rétt að um þá sé fjallað í sér staflíð.

Útlendingastofnun telur að þörf geti verið á öðrum staflíð til viðbótar til að ná utan um þá aðila sem ekki virðast falla undir aðra staflíði ákvæðisins. Makar íslenskra ríkisborgara hafa til dæmis heimild til að stunda atvinnu hérlendis meðan dvalarleyfisumsókn er í vinnslu. Í undantekningartilvikum getur vinnslutími verið lengri en þrjú mánuðir. Þá kalla brottvísanir og frávísanir á skráningu einstaklinga og ekki er óalgengt að þeir séu fyrst skráðir er til stendur að taka ákvörðun um för úr landi eða þegar einstaklingar eru skráðir hjá lögreglu.

Í 2. og 3. mgr. 7. gr. segir að umsóknaraðili ákveði hvaða gögnum einstaklingur þurfi að framvísa til að fá útgefna kerfiskennitölu og sami aðili ákveði hvort einstaklingur þurfi að gera grein fyrir sér í eigin persónu. Þó að eðlilegt geti verið að mismunandi kröfur séu gerðar til einstaklinga eftir tilgangi umsóknar um kerfiskennitölu verður, að mati Útlendingastofnunar, að gera ákveðnar kröfur til þeirra gagna sem kerfiskennitala er byggð á. Þær kröfur ættu að meginstefnu að vera þær sömu hjá öllum opinberum aðilum til að gæta samræmis og jafnræðis. Að öðrum kosti er hætta á að einn aðili neiti að sækja um kerfiskennitölu fyrir einstakling en annar aðili verði við því. Einnig gæti sú staða komið upp að einstaklingur fái fleiri en eina kerfiskennitölu ef litlar kröfur eru gerðar til útgáfu hjá einum aðila en miklar hjá öðrum. Eðlilegt er að miða við að upplýsingar úr viðurkenndum ferðaskilríkjum eða ökuskírteini séu fullnægjandi en gera þarf ráð fyrir að skilríkjalausir einstaklingar þurfi jafnframt á kerfiskennitölu að halda og þá þarf að vera til staðar viðmið um hvernig skuli leggja mat á þeirra gögn.

Ítrekað er það sem fram kemur í umsögn stofnunarinnar um útfærslu kerfiskennitölu, að nauðsynlegt er að útgáfa kerfiskennitalna verði miðlæg. Miðlæg útgáfa og eftirlit ætti að tryggja skilvirka, samræmda útgáfu og notkun sem og að einstaklingur fái ekki útgefna fleiri en eina kerfiskennitölu. Útlendingastofnun leggur áherslu á að nauðsynlegt er að Þjóðskrá gefi út



ÚTLENDINGASTOFNUN
ICELANDIC DIRECTORATE OF IMMIGRATION

leiðbeiningar til þeirra aðila sem hafa heimild til að óska eftir kerfiskennitölu til þess að útgáfan nýtist sem best.

Að lokum bendir stofnunin á að bókstafinn i vantar í orðið *bankaviðskipti* í b-lið 1. mgr.

F.h. Útlendingastofnunar

Sigurbjörg Rut Hoffritz